

Listir á líðandi stundu

Um er að ræða kynningu á listum og menningu í samtímanum með skapandi verkefnum, fyrirlestrum og ýmsum uppákomum. Markmiðið er að nemendur fái að efla skapandi hugsun, kynnast fjölbreytni í listsköpun og læra að njóta lista- og menngarviðburða. Leitast verður við að kynna listgreinar með ýmsum hætti og í tengslum við þær listrænu uppákomur sem eru í gangi hverju sinni. Farið verður í vettvangsferð í listasafn og ýmis verkefni unnin sem tengjast samtímalist, bæði verkleg og skrifleg. Efnisatriði: skapandi hugsun, myndlist, listmálun, skúlptúr, grafík, ljósmyndun, hönnun; grafísk hönnun, vöruhönnun, fatahönnun, arkitektúr,

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilnings á:

- mikilvægi listsköpunar í samfélaginu
- því menningarlega samhengi sem list- og hönnun sprettur úr
- þeim möguleikum sem listnám hefur upp á að bjóða

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- njóta lista og hönnunar
- skilja mun á öpun og sköpun
- verða opnari og víðsýnni hvað varðar menningu og listir í samfélaginu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér hæfni til umfjöllunar um eðli listar og/eða hönnunar
- tileinka sér færni til að skynja, greina og meta list út frá eigin forsendum og annarra
- vera þátttakendur í listrænum viðburðum

Námsefni: Efni frá kennara og ýmis gagnasöfn á netinu